

Aðalfundur 2020 - fundargerð

Staðsetning fundar: Hannesarholt, Grundarstíg 10, 101 Reykjavík

Tímasetning: 11. september 2020, kl. 12:00 til 14:00.

Fundarmenn:

Fundarmenn frá Grænni byggð og utan aðildarfélaga: Elísabet Sara Emilsdóttir (GB); Gyða Mjöll Ingólfssdóttir (fráfarandi stjórnarmaður GB og fyrrum starfsmaður EFLU); Þórhildur Fjöla Kristjánsdóttir (GB)

Fundarmenn úr fyrsta flokki: Kristjana Ósk Jónsdóttir (Reitir) í stjórn GB; Olga Árnadóttir (FSR) í stjórn GB; Ragnar Ómarsson (Verkís) í stjórn GB; Þóra Margrét Þorgeirsdóttir (Húnsæðis og mannvirkjastofnun (HMS).

Fundarmenn úr öðrum flokki: Alexandra Kjeld (EFLA); Bjarni Þór Þórólfsson (Búseti) í stjórn GB; Gréta Þórsdóttir Björnsson (Reykjavíkurborg)

Fundarmenn úr þriðja flokki: Anna Sigríður Jóhannsdóttir (VA arkitektar); Björg Bjarnadóttir (VSÓ), Guðrún Lilja Kristinsdóttir (Umhverfisstofnun); Helga María Adólfssdóttir (VSÓ); Kristján Arinbjarnarson (ÍAV); Ólöf Kristjánsdóttir (Mannvit); Sandra Rán Ásgrímsdóttir (Mannvit); Sigríður Björk Jónsdóttir (Skipulagsstofnun); Sigríður Ósk Bjarnadóttir (VSÓ)

Fundarmenn úr einstaklingsflokki: Ólöf Salmon Guðmundsdóttir (Pago)

Fundarritari: Kristjana Ósk Jónsdóttir

Dagskrá:

1. Kosning fundastjóra og ritara
2. Ársskýrsla 2019, Ragnar Ómarsson, stjórnarformaður
3. Ársreikningur 2019, Kristjana Ósk Jónsdóttir, Gjaldkeri félagsins
4. Starfsáætlun 2020 og stefnumótun næsta starfsárs - Ragnar Ómarsson, stjórnarformaður

5. Fjárhagsáætlun næsta starfsárs, Þórhildur Fjóla Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri
6. Lagabreytingartillögur – kosning
7. Kjör stjórnar
8. Kjör skoðunarmanna reikninga
9. Önnur mál

1. Kosning fundastjóra og ritara

Ragnar stjórnarformaður lýsir fund formlega boðaðan, Kristjana býður sig fram sem ritari og Sandra Rán Ásgrímsdóttir er kjörin fundarstjóri.

2. Ársskýrsla 2019

Ragnar Ómarsson, stjórnarformaður kynnir skýrslu ársins 2019. Ársskýrslan er aðgengileg á heimasíðu Grænni byggðar.

3. Ársreikningur lagður fram til samþykktar

Kristjana Ósk Jónsdóttir, gjaldkeri, kynnir ársreikning fyrir árið 2019. Ársreikningur samþykktur. Ársreikningurinn er aðgengilegur á heimasíðu Grænni byggðar.

4. Starfsáætlun 2020 og stefnumótun næsta starfsárs

Ragnar Ómarsson, stjórnarformaður, kynnir starfsáætlun félagsins fyrir árið 2020-2021. Starfsáætlunin er kynnt sem „sýnidæmi“ um hvernig starfsáætlun stjórnar gæti litð út. Ragnar leggur áherslu á að kynning starfsáætlunar sé mögulegt tæki aðila til að hafa meiri skoðun á starfsemi.

5. Fjárhagsáætlun 2020-2021

Þórhildur Fjóla Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri kynnir fjárhagsáætlun fyrir 2020-2021

6. Lagabreytingatillögur

Stjórn leggur fram tvær lagabreytingartillögur. Það er breytingu á 5. grein laga félgsins, þar sem lagt er til að fjölgað verði málum sem tekin skulu fyrir á aðalfundum. Stjórn leggur til að starfsáætlun stjórnar og fjárhagsáætlun fyrir komandi starfsár verði lögð fram á aðalfundunum. Seinni breytingartillagan er á 6. grein laga félgsins, reglur um lengd stjórnarsetu. Báðar tillögurnar eru samþykktar.

Eftirfarandi lagabreytingartillögur voru samþykktar:

Aðalfundur 5. Grein

1. Skýrsla stjórnar um störf félgsins á liðnu ári.
2. Starfsáætlun stjórnar fyrir næsta starfsár.
3. Fjárhagsáætlun stjórnar fyrir næsta starfsár.
4. Reikningskil.
5. Tillögur og breytingar á lögum félgsins.
6. Kjör stjórnar.
7. Kjör skoðunarmanna (sbr. 9.gr.)
8. Önnur mál.

Stjórn 6. Grein

6.gr. Stjórn félgsins skal skipuð fimm mönnum auk tveggja varamanna. Á stofnfundi skulu tveir stjórnarmanna kosnir til eins árs en hinir þrír skulu kosnir til tveggja ára. Annar varamaðurinn skal kosinn til tveggja ára en hinn til eins árs. Framvegis skulu tveir einstaklingar kosnir í stjórn auk varamanns annað hvert ár frá fyrsta aðalfundi eftir stofnfund en þrír skulu kosnir auk varamanns annað hvert ár frá öðrum aðalfundi. Skipunartími hvers stjórnarmanns er tvö ár í senn.

Stjórnarmenn geta verið endurkjörnir að hámarki þrisvar sinnum í röð. Stjórnarformaður, sem kosinn er af stjórn, getur að hámarki setið sem stjórnarformaður í fjögur starfsár í röð. Aðeins fulltrúar fleirra aðildarféлага og einstaklingsaðilar sem tilnefndir hafa verið eru kjörgengir til stjórnar félgsins á aðalfundi. Kosning skal vera skrifleg og fer fram á aðalfundi. Það ár sem tveir stjórnarmenn eru í kjöri, skulu þeir tveir frambjóðendur er flest atkvæði hljóta vera

aðalmenn en varamaður sá er næstur kemur í röðinni. Það ár sem þrír stjórnarmenn eru í kjöri, skulu þeir þrír frambjóðendur er flest atkvæði hljóta vera aðalmenn en varamaður sá er næstur kemur í röðinni. Falli atkvæði á jöfnu, skal varpa hlutkesti. Eftir aðalfund skiptir stjórnin sjálf með sér verkum, en kosnir skulu a.m.k. formaður, gjaldkeri og ritari sem jafnframt skal vera varaformaður. Stjórnin stýrir öllum málefnum félagsins milli aðalfunda og kemur fram út á við fyrir hönd þess. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi félagsins sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbindur félagið. Stjórn félagsins veitir prókúruumboð fyrir félagið.

7. Kjör stjórnar –

Þórhildur, framkvæmdastjóri, tekur til máls og kynnir aðila sem sitja áfram í stjórn, enda kjörin til tveggja ára á aðalfundi 2019. eru það Olga (FSR), Kristjana (Reitir) og Ólafur (NMÍ og HR)

Ragnar (Verkís) og Bjarni (Búseta) hafa lokið sínum kjörtímabilum en Gyða (fyrrum starfsmaður Eflu) og Kristján (ÍAV) stíga til hliðar. Er því kosið um fjögur sæti í stjórn. Í framboði eru:

Alexandra Kjeld (Efla)

Bjarni Þór Þórólfsson (Búseti)

Ólöf Kristjánsdóttir (Mannvit)

Ragnar Ómarsson (Verkís)

Sigríður Ósk Bjarnadóttir (VSÓ)

Aðilar stíga í pontu og kynan sig. Fundarstjóri tilnefnir Kristjönu (Reitir) og Olgu (FSR) í hlutverk kjörstjórnar.

Fram fer skrifleg kosning. Alexandra (Efla), Bjarni (Búseti), Ragnar (Verkís) og Sigríður (VSÓ) eru kjörnir nýir stjórnarmeðlimir Grænni byggðar.

8. Kjör skoðunarmanna reikninga

Fráfarandi stjórnarmenn, Gyða Mjöll Ingólfssdóttir og Kristján Arinbjarnarson, bjóða sig fram í hlutverk skoðunarmanna reikninga og eru kjörnir.

9. Önnur mál

Engin önnur mál voru lögð fyrir fundinn.